

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

29. apríl 2026

Mál nr. E-349/2025

Samskip hf.

(Sigríður Harradóttir lögmaður)

gegn

Margréti Rósu Einarsdóttur

(Sigurður Gústavsson Hafstað lögmaður)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 29. apríl 2025

I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð

1. Mál þetta var höfðað 25. nóvember 2025. Stefnandi er Samskip hf., Kjalavogi 7–15, 104 Reykjavík sem stefnir fyrir dóm Margréti Rósu Einarsdóttur, Skúlagötu 17a, 310 Borgarnesi.

2. Stefnandi krefst þess að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 753.252 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 31.136 frá 26.11.2021 til 26.12.2021, af kr. 61.268 frá 26.12.2021 til 26.01.2022, af kr. 92.404 frá 26.01.2022 til 26.02.2022, af kr. 123.540 frá 26.02.2022 til 26.03.2022, af kr. 152.601 frá 26.03.2022 til 26.04.2022, af kr. 184.775 frá 26.04.2022 til 09.06.2022, af kr. 215.911 frá 09.06.2022 til 26.06.2022, af kr. 248.085 frá 26.06.2022 til 26.07.2022, af kr. 279.221 frá 26.07.2022 til 26.08.2022, af kr. 311.395 frá 26.08.2022 til 26.09.2022, af kr. 343.569 frá 26.09.2022 til 26.10.2022, af kr. 375.710 frá 26.10.2022 til 26.11.2022, af kr. 408.922 frá 26.11.2022 til 26.12.2022, af kr. 441.063 frá 26.12.2022 til 26.01.2023, af kr. 474.275 frá 26.01.2023 til 26.02.2023, af kr. 507.487 frá 26.02.2023 til 26.03.2023, af kr. 539.672 frá 26.03.2023 til 26.04.2023, af kr. 575.306 frá 26.04.2023 til 26.05.2023, af kr. 609.790 frá 26.05.2023 til 26.06.2023, af kr. 645.424 frá 26.06.2023 til 26.07.2023, af kr. 679.908 frá 26.07.2023 til 26.08.2023, af kr. 715.542 frá 26.08.2023 til 26.09.2023, af kr. 753.252 frá 26.09.2023 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3. Stefnda krefst þess aðallega að hún verði sýknuð af stefnukröfum en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda.

4. Stefnandi breytti kröfugerð sinni frá því sem greindi í stefnu til lækkunar vegna framkominna sjónarmiða um fyrningu og stefnda féll frá upphaflegri kröfu um frávísun málsins. Aðalmeðferð málsins fór fram 16. apríl 2026 og var málið dómtekið sama dag. Engar skýrslutök voru í málinu.

II. Málsatvik

5. Stefnandi er alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður upp á flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti, ásamt hýsingu, skjalagerð og heimakstri þegar til Íslands er komið. Krafa stefnanda er tilkomin vegna ógreiddra geymslugjalda vegna flutnings á Fiat-bifreið (blæjubíl) til

landsins í júlí á árinu 2018. Stefnandi kveður stefndu hafa óskað eftir innflutningnum og beri gögn málsins það eindregið með sér. Bifreiðin fékkst ekki tollafgreidd vegna ófullnægjandi kaupgagna með þeim afleiðingum að bifreiðinni var á endanum fargað í september eða október 2023. Krafan byggir á framlögðum reikningum vegna geymslukostnaðar fyrir tiltekið tímabil allt til þess er bifreiðinni var fargað.

6. Stefnanda hafnar því að hún hafi óskað eftir flutningi bifreiðarinnar hingað til lands. Hún kveðst aldrei hafa verið eigandi hennar og hefur því að sögn ætíð mótmælt reikningum stefnanda. Vegna innheimtuaðgerða stefnanda kveðst stefnda þó hafa árið 2022 greitt stefnanda 641.135 kr. en hún kveðst hafa verið nauðbeygð til þess og að fyrirbyggja þar með frekara tjón vegna málsins en stefnandi hafði þá krafist nauðungarsölu á fasteign stefndu. Í gegnum tíðina hafi stefnda og eiginmaður hennar, Sigurður Óli Hilmarsson, átt í ítrekuðum síma- og tölvupóstsamskiptum við stefnanda vegna málsins.

7. Stefnanda lýsir því að um sumarið 2020 hafi fyrst verið óskað eftir því að bifreiðinni yrði fargað í því skyni að takmarka frekara tjón og kostnað. Síðan þá hafi stefnandi ítrekað verið beðinn um að selja, endursenda eða farga hinni umþrættu bifreið, m.a. með tölvupóstum 7. desember 2021, 28. desember 2021 og 10. maí 2023. Í tölvupósti eiginmanns stefndu til lögmanns stefnanda 7. desember 2021 komi fram að lausn þurfi að finnast á málinu til að stefnda þurfi ekki að greiða geymslugjöld um aldur og ævi vegna bifreiðar sem sé ekki í hennar eigu. Í tölvupóstinum er þeirri afstöðu lýst að munirnir hefðu með réttu átt að fara á nauðungaruppboð löngu áður í samræmi við reglur stefnanda.

8. Með tölvupósti 28. desember 2021 tilkynnti lögmaður stefnanda að bifreiðinni yrði fargað á kostnað aðila innan 15 daga án frekari tilkynninga í samræmi við skilmála félagsins, ef nauðsynleg gögn til tollafgreiðslu yrðu ekki lögð fram. Þann sama dag ítrekaði eiginmaður stefndu að stefnda hefði ekki komið að innflutningi hinnar umþrættu bifreiðar og óskaði þess að bifreiðinni yrði fargað. Stefnanda taldi þá að málið væri úr sögunni. Samskonar tilkynning barst 27. apríl 2022 og aftur í maí 2023 sem svarað var 10. maí 2023 af stefndu með sama hætti.

9. Á sama tíma hafi stefnandi, að sögn stefndu, haldið áfram að gefa út reikninga á hendur stefndu og krefja hana um geymslugjald eða allt þar til bifreiðinni var loks fargað í október 2023.

III. Málsástæður og lagarök stefnanda

10. Stefnandi vísar til framlagðra reikninga sem sundurliðaðir eru í stefnu málsins en kröfugerð og máláttal tilbúnaður hefur breyst að nokkru þar sem stefnandi hefur nú takmarkað kröfugerð sína

við þær kröfur sem hann telur vafalaust að séu ófyrndar en fallið frá eldri kröfum. Stefnandi telur sýnt samkvæmt framlögðum gögnum að stefnda hafi sjálf óskað eftir innflutningnum, því til sönnunar séu lögð fram bókunarstaðfesting, farmbréf og komutilkynning en öll séu þessi skjöl á nafni stefndu.

11. Stefnandi vísar til framlagðra gagna og meginreglna kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Einnig er byggt á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum.

IV. Málsástæður og lagarök stefndu

12. Í fyrstu gerði stefnda kröfu um að málinu yrði vísað frá dómi og til stóð að flytja málið um frávísunarkröfuna samfara málflytningi um efnisþátt málsins. Degi fyrir aðalmeðferð sendi stefnda tölvuskeyti til dómsins þar sem hún hins vegar tilkynnti þá ákvörðun sína að falla frá kröfu um frávísun.

Krafa um sýknu

13. Eftir stendur þá, sem aðalkrafa stefndu, krafa um sýknu af öllum kröfum stefnanda. Stefnda byggir kröfu um sýknu fyrst og fremst á eftirfarandi málsástæðum.

Aðildarskortur

14. Byggt er á því að stefnda eigi ekki aðild að málinu og beri því að sýkna hana af kröfum stefnanda samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

15. Stefnda hafi frá öndverðu mótmælt því að hafa flutt inn eða átt þá bifreið sem mál þetta hverfist um. Í málinu liggja fyrir tölvupóstur frá lögmanni stefnanda frá 28. desember 2021 þar sem fram komi sérstaklega að skráður móttakandi sendingarinnar sé Iðnó ehf. og sendandi Fylkir Investment samkvæmt flutningsskjölum.

16. Stefnandi hafi ekki lagt fram gögn sem sýni að stefnda hafi verið innflytjandi eða viðtakandi bifreiðarinnar. Því til viðbótar komi ekki fram í stefnu á hvaða grundvelli stefnda geti borið ábyrgð á greiðslu geymslugjalda vegna bifreiðarinnar.

Grundvöllur krafna sé óskýr og ósannaður

17. Stefnandi byggi kröfu sína á meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga vegna útgefna reikninga vegna geymslugjalda. Í stefnu sé ekkert vikið að því með

hvaða hætti stefnda eigi að hafa tekið á hendur sér fjárskuldbindingar gagnvart stefnanda. Þá hafi ekki verið lögð fram skjöl eða samningar sem leiða ættu til greiðsluskyldu vegna hinna umþrættu reikninga. Af þeirri ástæðu einni sé á því byggt að stefnandi geti ekki reist kröfu sína á meginreglum kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga líkt og byggt sé á í stefnu.

18. Stefnda byggir á því að ósannað sé að hún hafi átt eða flutt inn umrædda bifreið sem mál þetta hverfist um. Þá sé ósannað að stefnda hafi tekið á sig ábyrgð á greiðslu hinna umþrættu reikninga sem gefnir séu út einhliða af hálfu stefnanda. Stefnandi beri sönnunarbyrðina og þurfi að sýna fram á með hvaða hætti krafa hans hafi stofnast og á hvaða grundvelli. Byggt sé á því að grundvöllur umræddra krafna sé óskýr og ósannaður sem eigi eitt og sér að leiða til sýknu.

Ábyrgð á förgun bifreiðar, viðtökudráttur, óréttmæt auðgun o.fl.

19. Verði framangreindum málsástæðum hafnað er á því byggt að stefnandi beri sjálfur ábyrgð á þeim kostnaði sem um er deilt í málinu.

20. Bifreiðin sem málið hverfist um hafi verið flutt inn til landsins í júlí 2018 en ekki fengist tollafgreidd. Sumarið 2020 hafi fyrst verið óskað eftir því að bifreiðinni yrði fargað í því skyni að takmarka frekara tjón og kostnað vegna málsins. Í gegnum tíðina hafi stefnda og eiginmaður hennar átt í ítrekuðum síma- og tölvupóstsamskiptum við stefnanda og óskað eftir sölu, endursendingu eða förgun bifreiðarinnar. Komi það m.a. fram í tölvupóstum 7. desember 2021, 28. desember 2021 og 10. maí 2023. Þá hafi stefnandi tilkynnt að hann myndi farga bifreiðinni án frekari tilkynninga, m.a. í tölvupósti 28. desember 2021. Hafi stefnda því staðið þá með réttu í þeirri trú að málið væri endanlega úr sögunni.

21. Á sama tíma hafi stefnandi hins vegar haldið áfram að gefa út einhliða reikninga þar til hann hafi loks látið farga bifreiðinni í október 2023. Þá hafi verið liðin tæplega fjögur ár frá því að fyrst hafði verið óskað eftir förgun hennar. Eins og málum sé háttað verði stefndu ekki kennt um þennan drátt af hálfu stefnanda. Bent sé á að stefnda hafi gegn mótmælum þegar greitt stefnanda 641.135 kr. vegna reikninga sem gefnir hafi verið út á tímabilinu 1. janúar 2020 til 1. mars 2021. Þá veki athygli að stefnandi hafi kosið að leita fullnustu í fasteign stefndu á fyrri stigum í stað hinnar umþrættu bifreiðar sem hefði eins og málum sé háttað falið í sér fullnaðarlausn málsins.

22. Byggt er á því að sú háttsemi stefnanda að láta hjá líða að farga bifreiðinni þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þess efnis feli í sér brot á gagnkvæmri tillitsskyldu aðila og jafngildi viðtökudrætti af hálfu stefnanda. Hafi stefnda borið ábyrgð á greiðslu geymslugjalda á einhverjum tímapunkti sé

á því byggt að stefnandi geti ekki krafð stefndu um geymslugjald sem henni hafi verið ófært að losna undan vegna hindrana sem rekja megi til stefnanda.

23. Hafi stefnda borið ábyrgð á geymslugjöldum sé á því byggt að henni hafi verið rétt og skylt að halda eftir greiðslum við slíkar aðstæður. Byggt er á því að geymslukostnað sem um er deilt í málinu megi rekja til athafnaleysis stefnanda sem hann verði að bera hallann af. Kröfugerð stefnanda stappi að mati stefndu nærri óréttmætri auðgun á kostnað stefndu verði á hana fallist.

Varakrafa um að stefnukröfur stefnanda verði lækkaðar

24. Verði ekki fallist á aðalkröfu er þess krafist að stefnukröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

25. Komist dómur að þeirri niðurstöðu að stefnda beri greiðsluskyldu af einhverjum sökum er byggt á því að stefnandi sjálfur beri ábyrgð á öllum eða stærstum hluta geymslukostnaðar á því tímabili sem um ræðir. Allt frá árinu 2020 hafi stefnandi ítrekað verið beðinn um að endursenda, selja eða farga umræddri bifreið í því skyni að fyrirbyggja kostnað og takmarka tjón. Þrátt fyrir tilkynningu stefnanda um fyrirhugaða förgun bifreiðar 28. desember 2021 hafi bifreiðinni ekki verið fargað fyrr en í október 2023. Verði stefndu á engan hátt kennt um þann drátt og verði stefnandi að bera hallann af því.

26. Þá er byggt á því að mánaðarlegt geymslugjald samkvæmt hinum umþrættu reikningum sé of hátt. Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglum kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Hinir umþrættu reikningar séu hins vegar gefnir út einhliða af stefnanda og engin önnur gögn, gjaldskrár eða samningar um fjárhæð geymslugjalds liggi fyrir í málinu.

27. Að teknu tilliti til alls framangreinds telur stefnda rétt að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega, verði á þær fallist. Að öðru leyti er byggt á sömu málsástæðum og lagakröfum og reifuð eru að baki aðal- og varakröfum.

V. Niðurstaða

Aðildarskortur o.fl. til stuðnings sýknukröfu

28. Stefnda byggir fyrst og fremst á því að hún sé rangur aðili málsins; að hún hafi ekki óskað eftir innflutningi umræddrar bifreiðar. Þrátt fyrir áskoranir frá stefndu í máli þessu hefur ekki verið lögð fram óyggjandi sönnun þess að stefnda hafi sannanlega staðið fyrir umræddum innflutningi þ.e. ekki liggur fyrir staðfesting þess að skjöl um innflutninginn, sbr. framangreint, hafi verið útfyllt og/eða stafað frá stefndu sjálfri, s.s. undirritun eða stafræn staðfesting með einum

eða öðrum hætti áður en umrædd bifreið var flutt inn. Þá hefur ekki verið leitast við af hálfu stefnanda að varpa ljósi á það fyrir dómnum hvernig staðið er að gerð og útfyllingu þeirra skjala sem stefnandi leggur fram og hann telur sýna fram á að stefnda hafi staðið að innflutningnum og sé því ábyrg fyrir þeim kostnaði sem af honum hlaust.

29. Á hinn bóginn verður ekki séð að stefnda hafi mótmælt því sjálf að bera ábyrgð á innflutningnum og þá kostnaði vegna hans, þ.e. þá einkum geymslugjöldum, á grundvelli þess að málið væri henni í raun óviðkomandi fyrir en eftir að mál þetta var höfðað. Í tölvuskeyti frá eiginmanni stefndu 7. desember 2021 til lögmanns stefnanda er vissulega vísbending um að hann beri ábyrgð á þessum innflutningi en ekki stefnda. Önnur samskipti bera það hins vegar með sér að ekki sé gerður sérstakur ágreiningur um að stefnda sé, eins og öll formleg skjöl málsins bera með sér, sá aðili sem biður um innflutning á bifreiðinni. Fyrir liggur þessu til frekari staðfestingar að fjárnám var gert hjá stefndu vegna kostnaðar og/eða gjalda í tengslum við innflutninginn og til að forðast uppboð á fasteign stefndu hafi hún greitt um 640.000 kr. inn á skuld við stefnanda að því er virðist miðað við gögn málsins í mars 2022. Engin gögn hafa verið lögð fram um þessa innheimtu sem ágreiningslaust er að var á sama grundvelli og hér um ræðir, en ekkert bendir til þess að þessum fullnustuaðgerðum hafi nokkru sinni verið mótmælt á grundvelli aðildarskorts, þ.e. að skuldarinn væri annar. Öllum reikningum og innheimtuaðgerðum hefur þá verið beint að stefndu frá öndverðu.

30. Með vísan til framangreinds og gagna málsins verður því að ganga út frá því að stefnandi hafi frá upphafi með réttu mátt ganga út frá því stefnda væri innflytjandi umræddrar bifreiðar og hún gengist við þeirri ábyrgð sem af því hefur hlotist á fyrri stigum málsins. Stefnda hefur enda sjálf ekki sjáanlega viljað víkja sér undan þeirri ábyrgð með öllu fyrir en við málsókn þessa. Verður sýknukröfu hennar á grundvelli aðildarskorts því hafnað.

31. Verður þá ekki séð að sjónarmið um viðtökudrátt eða sjónarmið um óréttmæta auðgun eigi að leiða til þess að stefnda verði ekki gerð ábyrg að neinu leyti fyrir kröfu stefnanda um geymslugjöld en þessar málsástæður til stuðnings sýknukröfu stefndu eru að mati dómsins langsóttar og auk þess vanreifaðar en lítil grein var fyrir þeim gerð í greinargerð stefndu og ekkert um þær fjallað við aðalmeðferð málsins. Verður sýknukröfu stefndu á þessum grundvelli því hafnað.

Krafa stefnanda

32. Málatalibúnaður stefnanda varðandi grundvöll kröfunnar mætti vera skýrari. Hvergi er tilvísun til gjaldskrár eða skilmála og engin slík gögn lögð fram til glöggvunar fyrir dóminn. Á hinn

bóginn verður ekki séð að rétti stefnanda til að innheimta geymslugjald hafi í grunninn verið mótmælt eða að mánaðarleg fjárhæð gjaldsins hafi sætt rökstuddum andmælum af hálfu stefndu. Má enda ætla að slíkur kostnaður falli eðli máls samkvæmt á vegna innflutts varnings sem ekki er, vegna atvika er varða eiganda hans, hægt að tollafgreiða og afhenda honum líkt og ágreiningslaust er í þessu máli að sé ástæða fyrir uppsöfnuðum geymslugjöldum.

33. Stefnda byggir á því hins vegar að hún hafi með réttu mátt gera ráð fyrir því að geymslugjöld myndu ekki falla á út í hið óendanlega og að grundvöllur fyrir innheimtu þeirra hafi brostið mun fyrir en stefnandi byggir innheimtu sína á.

34. Miðað við framlögð gögn hefur stefnda haft afar takmörkuð samskipti við stefnanda vegna málsins og vice versa og samskipti verið fyrst og fremst milli eiginmanns hennar og lögmanns stefnanda. Verður ekki annað séð en að stefnandi hafi litið svo á að eiginmaður stefndu kæmi fram í hennar umboði og ekkert bendir til þess að stefnda hafi dregið slíkt umboð nokkru sinni í efa.

35. Þetta staðfesta framlögð gögn. Þau elstu eru frá árslokum 2021 en þar eru jafnframt til umfjöllunar tvö hjólhýsi sem flutt voru til landsins á sama tíma og voru á nafni einkahlutafélags sem stefnda var í forsvari fyrir. Í skeyti 7. desember 2021 frá lögmanni stefnanda vegna innheimtu aðgerða á hendur stefndu er rætt um að bifreiðinni þurfi að farga finnist ekki gögn. Eiginmaður stefndu svarar sama dag og tekur fram að bifreiðinni hefði þá átt að farga löngu fyrir enda ítrekað verið beðið um það. Í skeyti 28. desember 2021 frá lögmanni stefnanda er að nýju fjallað um skuldir stefndu og félagsins vegna þessa. Þar er tekið skýrt fram að finnist upprunagögn ekki verði þessum lausafjármunum fargað, sbr. eftirfarandi: *Berist gögnin ekki innan 15 daga frá dagsetningu þessa pósts, verður bifreiðinni fargað í samræmi við skilmála félagsins, þar að lútandi á kostnað aðila.* Í tölvuskeyti 26. janúar 2022 segir lögmaður stefnanda engan annan kost en að farga umræddum hjólhýsum og bifreið í samræmi við skilmála félagsins þar sem ekki séu til staðar fullnægjandi gögn til að tollafgreiða. Í svari sama dag kveðst eiginmaður stefndu hafa fundið pappíra vegna bifreiðarinnar og myndi koma þeim til stefnanda degi síðar. Við svo búið verður að líta svo á að stefnda hafi ekki gefið upp alla von og því viðhaldið því ástandi sem komið var á í samskiptum aðila, þ.m.t. að bifreiðin safnaði áfram geymslugjöldum. Í kjölfarið kemur í ljós að enn eru vandamál tengd bifreiðinni og vörureikningur finnist ekki. Eftir ítrekuð erindi frá lögmanni stefnanda berst tölvuskeyti frá eiginmanni stefndu 25. apríl 2022 þar sem hann lýsir því að hann hafi talið að stefnandi teldi nægjanlega pappíra komna fram varðandi bifreiðina. Hins vegar kvartar hann yfir því að fjárnám hafi verið gert í eign stefndu vegna skuldar og greitt hafi verið inn á kröfuna. Þá er spurt hvers vegna umræddum munum hafi ekki verið eytt

í samræmi við skilmála stefnanda heldur safni geymslugjöldum og kostnaði. Í lok þessa erindis segir: *Það athugist að ég f.h. Margrétar hefi fyrir löngu heimilað uppboð og eða förgun hinna meintu muna.*

36. Í tölvuskeyti lögmans stefnanda til svara sem virðist einnig hafa borist stefndu 27. apríl 2022 er niðurstaða lögmansins sú í ljósi samþykkis eiginmanns stefndu að aðilum er þar tilkynnt um að ofangreindu lausafé verði fargað án frekari tilkynninga þar að lútandi. Þótt óskað hafi verið eftir staðfestingu á þessum pósti frá viðtakendum hans er ekki hægt að líta öðruvísi á en að stefnda hafi a.m.k. mátt líta svo á að frá þessum degi væri málið úr hennar höndum. Þrátt fyrir þetta taldi lögmaður stefnanda ástæðu til að fá staðfestingu fyrir móttöku og óskaði hennar fyrst degi síðar, en svo ekki aftur fyrr en rúmu ári síðar, eða 8. maí 2023. Er þá vísað til þess að samþykki hafi borist frá eiginmanni stefndu en á skorti umboð til hans frá stefndu. Tveimur dögum síðar svarar stefnda og kveðst hafa samþykkt förgun bifreiðarinnar þremur árum áður og ítrekaði þá beiðni sína. Lýsti því jafnframt yfir að hún teldi sig ekki bera ábyrgð á áföllnum geymslugjöldum.

37. Strax í kjölfar þessa er samkvæmt framlögðu skeyti stefnanda 10. maí 2023 hafist handa við að þar sem bifreiðin hafi verið *ótolluð: fá tollinn til að farga þessu.*

38. Líkt og stefnukröfur bera með sér krefst stefnandi geymslugjalda fyrir allan þennan tíma og allt þar til í október 2023 þar sem bifreiðinni virðist þá vera fargað. Um förgun bifreiðarinnar er einungis lagt fram skjal sem virðist vera skjáskot sem ekki er hægt að átta sig á úr hvaða kerfi kemur, þar sem fram kemur: *Var sent í förgun 11. sept. 2023 skv. Munda.* Þá voru liðin um fimm ár og tveir mánuðir frá því að bifreiðin var flutt til landsins.

39. Dómurinn telur með vísan til framangreinds að eftir 27. apríl 2022 hafi fallið niður réttur stefnanda til að krefja stefndu um frekari geymslugjöld og jafnframt að stefnda hafi mátt vera í góðri trú með að sú yrði raunin. Enginn áskilnaður er gerður um slíka innheimtu í yfirlýsingu lögmans stefnanda þann dag og af fyrri tilkynningum frá stefnanda, s.s. í desember 2021, verður ekki annað ráðið en að hann telji sér heimilt að ráðstafa slíkum verðmætum einhliða og í þeim ítrekuðu yfirlýsingum eru engir fyrirvarar hnýttir við áform um förgun, s.s. um samþykki innflytjanda. Sá réttur er þó hvergi útlistaður í gögnum málsins eða rökstuddur svo því sé haldið til haga og heldur ekki á hvaða grundvelli innheimta á geymslugjöldum eftir slíka yfirlýsingu er reist. Við svo búið er ekki hægt að fallast á að geymslugjöld geti fallið á stefndu vegna atvika sem þá einungis stefnandi er í færum til að hafa áhrif á.

40. Engin rök hafa verið færð fram fyrir því hvers vegna stefnandi gerði ekki, m.a. á grundvelli reglna um gagnkvæma tillitsskyldu innan samningssambands, ráðstafanir fyrir til að binda með þessum hætti enda á samningssambandið; hvers vegna hann grípur ekki til ráðstafana fyrir, ef hann fyrst í apríl 2022 taldi nauðsynlegt að stefnda ætti beina aðkomu að málinu eins og byggt virðist á núna og hlýtur að vera grundvöllur kröfu hans til geymslugjalda eftir þann tíma. Þá er með öllu óútlitað hvers vegna dróst að farga bifreiðinni svo lengi sem raun ber vitni eftir apríl 2022 eða jafnvel eftir maí 2023 þegar stefnda gefur stefnanda þá heimild sem stefnandi þá skyndilega taldi sig þurfa.

41. Með vísan til framangreinds verður fallist á kröfu stefnanda um geymslugjöld fyrir tímabilið frá desember 2021 til og með apríl 2022 sem samkvæmt framlögðum reikningum nemur alls 146.609 kr. með virðisaukaskatti. Í ljósi atvika máls, og m.a. þess að ekki verður séð að stefnandi hafi frá því síðla árs 2022 gert minnstu tilraun til að innheimta umrætt geymslugjald fyrir en með málsókn þessari, verður ekki fallist á að krafan beri dráttarvexti fyrir en frá og með málshöfðun 25. nóvember 2025, sbr. 7. gr. og 4. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

42. Þá þykir rétt að framangreindu virtu að málskostnaður milli aðila falli niður með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

43. Málið fluttu fyrir dómnum, Sigríður Harradóttir lögmaður fyrir hönd stefnanda og Sigurður G. Hafstað lögmaður fyrir hönd stefndu.

44. Málið dæmir Lárentínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

D Ó M S O R Ð

Stefnda, Margrét Rósa Einarsdóttir, greiði stefnanda, Samskipum hf., 146.609 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 25. nóvember 2025 til greiðsludags.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Lárentínus Kristjánsson